

- 55 Greiða skal meðalmeðgjöf þá, sem ákveðin er með auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1940, að viðbætti 10% uppbót. Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu apríl til júlí 1943. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga skal greiða uppbót á meðalmeðgjöf þá, sem í gildi var frá 1. ágúst 1942 til 31. marz 1943 samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 10. sept. 1942.

Uppbót þessi er mismunurinn á meðgjöf þeirri, sem um getur í 1. mgr., og meðalmeðgjöf samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1940, með 10% viðbót og verðlagsuppbót af hvorutveggja hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1942 til marz 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

L Ö G

- 56 um breyting á lögum nr. 105 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur af trjávið, pappa og límböndum, sem notað er í umbúðir utan um fisk til útflutnings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.